

Fundargerð 09.10.2025

**Mætt voru:** Linda Ösp Grétarsdóttir og Ellý Erlingsdóttir fulltrúar kennara, Steinunn Þorsteinsdóttir fulltrúi starfsfólks og María Pálmadóttir sem stýrði fundi og Margrét Ólöf aðstoðarskólastjóri ritaði fundargerð.

Fulltrúar nemenda Reynir Sigrúnarson í 10. bekk og Sara María Sigþórsdóttir í 9. bekk.

## Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

- Hlutverk og starfsáætlun skólaráðs
- Starfsmannahald / mönnun
- Umfjöllun um skólanámskrá Setbergsskóla
- Farið yfir helstu verkefni vetrarins
- Önnur mál

## Hlutverk og starfsáætlun skólaráðs

María fór yfir hlutverk skólaráðs og þær reglur sem gilda um skólaráði.

<https://island.is/reglugerdir/nr/1157-2008>

- a. fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólstarfið,
- b. fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólhaldi og starfsemi skóla og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar,
- c. tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið,
- d. fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda,
- e. fjallar um skólareglur, umgengnishætti í skólanum,
- f. fjallar um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti, öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp í þessari málsgrein og veitir umsögn sé þess óskað,
- g. tekur þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

# Skólaráð

Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

## Starfsmannahald / mönnun.

Umræðu frerst þar sem fulltrúa foreldra vantaði á fundinn.

## Um fjöllum um skólanámskrá Setbergsskóla

Umræðu frestað þar sem fulltrúa foreldra vantaði á fundinn.

## Farið yfir helstu verkefni vetrarins

María fór yfir starfsáætlun vetrarins.

Rætt var um að það hentar ekki öllum að halda fundinn á morgnanna og að það gæti hentað að halda fundina seinni partinn.

Rætt var um að fulltrúar nemenda geta mætt til fundar seinni partinn á mánudögum og föstudögum. Fundirnir gætu verið frá kl. 15:00-16:00.

Ákveðið var að fresta umræðunni um starfsmannahald og skólanámskrána þar til á næsta fundi þar sem fulltrúa foreldra vantaði á þennan fund.

## Önnur mál

Rætt var um hafragrautinn á morgnanna. Nú er búið að taka ákvörðun um að það eigi að elda grautinn í skólanum. Ræddum einnig um að það væri gott að geta haft grautinn fyrir unglingana kl.10:10. Ræddum einnig að það þarf að passa uppá að það sé nægur matur fyrir unglingana þegar þeir koma í hádegismat.

Það þarf líka að bæta við ruslatunnum á skólalóðina.

Fundi slitið,

Margrét Ólöf Jónsdóttir.